

Ed.

243. Nefndarálit

um frumvarp til laga um byggingar- og landnáms sjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum samið af millipinganefndinni í landbúnaðarmálum, og er tilgangur þess að gera mönnum kleift fjárhagslega:

1. að endurbyggja sveitabæi,
2. að reisa nýbýli á óræktuðu landi, og með því stuðla að aukinni ræktun og fjölgun heimila í sveitum.

Þessum tilgangi er ætlað að ná með því að veita lán til bygginga með hagkvæmari kjörum en kostur hefir verið hingað til.

Reynslan er búin að sýna, að lánskjör Ræktunarsjóðsins til bygginga eru afar óhagkvæm; vextir of háir og afborgunartími of stuttur. Lántakendur, sem ekki eru því betur efnaðir, rísa ekki undir árlegum greiðslum, sem af þeim eru heimtaðar.

Með þessu frumvarpi er bætt úr þessu að miklum mun. Vitanlega verður þetta nokkur baggi á ríkissjóði, en í það má ekki horfa, þar sem verið er að hefja nýtt landnám, sem ætti í framtíðinni að verða til alþjóðarheilla.

Nefndin vill því eindregið mæla með þessu frumvarpi í þeirri trú, að hjer sje verið að hrinda í framkvæmd einu mesta velferðarmáli þjóðarinnar.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þess getið, að nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um sumar þeirra.

Við frumvarpið flytur nefndin þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Fyrir »250 þús.« komi: 200 þús.
2. Við 3. gr. I. a. Liðurinn orðist svo:
að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða.
3. Við 3. gr. II. c. Liðurinn orðist svo:
að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli.
4. Við 7. gr.
 - a. Fyrir » $\frac{4}{5}$ « komi: $\frac{3}{5}$.
 - b. Fyrir »40 þús.« komi: 30 þús.
5. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er hljóði svo:
Stjórn sjóðsins getur sett byggingafróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sje vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrir mælum hans.

Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

Alþingi, 18. febrúar 1928.

Einar Árnason,
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskr.

Jónas Kristjánsson.